



Alþingi
Allsherjar – og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. mars 2022

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um eignarráð og nýtingu fasteigna -416 mál 152 lþ.

Reykjavíkurborg hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um eignarráð og nýtingu fasteigna. Markmið frumvarpsins er að að styrkja löggjöf og stjórnýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir bæði að því er varðar hefðbundnar landnytjar og auðlindir sem tengjast eignarhaldi á landi.

Reykjavíkurborg tekur jákvætt í frumvarpið en gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í 6. gr. b er gert ráð fyrir því að þeir einir megi gera merkjalýsingar sem hafa til þess leyfi ráðherra. Reykjavíkurborg veltir því upp hvort þetta gildir líka um starfsmenn sveitarfélaga sem vinna við að hnitsetja leigulóðir í eigu sveitarfélagsins annarsvegar, þar sem lóðastærðir byggjast á deiliskipulagi og einkalóðir að ósk eigenda hinsvegar. Sé gert ráð fyrir að starfsmenn sveitarfélaga verði að hafa þessi réttindi er lagt til að þeir starfsmenn sveitarfélaga sem unnið hafa við merkjalýsingar í a.m.k. 5 ár verði undanþegnir því að afla sér réttinda. Nýir starfsmenn yrðu að vera með réttindin. Ellegar að starfsmönnum verði veittur hæfilegur frestur til öflunar réttinda eftir að lögin hafa tekið gildi.
2. Í 6. gr. e. er gert ráð fyrir að merki teljist glögg í skipulögðu þéttbýli ef vikmörk mælinga eru 10 cm. eða nákvæmari. Reykjavíkurborg telur að 10 cm nákvæmi sé full gróft og leggur til að gerðar séu meiri kröfur um nákvæmni í borgarumhverfi t.d. 2 cm.
3. Í 6. gr. f segir „ Ef fasteign fylgir eignahlutdeild í óskiptu landi skal telja óskipta landið með í heild sinni.“ Réttara væri að segja að telja skuli með *eignarhluta* hins óskipta lands með í heild sinni.
4. Í frumvarpinu (gr. 14. a. liður) er lagt til 47. gr, skipulagslaga nr. 123/2010 verði felld brott og þar með skylda sveitarfélaga til að gefa öllum götum, vegum og torgum heiti, án frekari skýringa eða umfjöllunar um það. Lagt er til að þessi skylda verði áfram í skipulagslögum.

F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs,



Harri Ormarsson, lögmaður